

MANNEKLA LÖGREGLU OG MJÚK LÖGGÆSLA Í DREIFBÝLI

Guðmundur Oddsson (goddsson@unak.is) og Andrew Paul Hill (andyhill@unak.is)

Ársfundur Byggðastofnunar 27. apríl, 2023



YFIRLIT

- Bakgrunnur
- Rannsóknin
- Niðurstöður



HVAÐ HAFA EFTIRTALIN LÖND SAMMERKT?

- Noregur, Írland, Nýja Sjáland, Ísland og Bretland (að undanskildu Norður-Írlandi)?



UMMÆLI ÚR VIÐTALSRANNSÓKNINNI

- „Einu sinni tók ég Spánverja fyrir of hraðan akstur og hann spurði mig hvar byssan mín væri. Ég sagði honum að ég væri ekki með slíka. Þá varð hann mjög hissa og spurði mig hvað ég notaði þá eiginlega? Ég benti þá bara á munninn á mér. Það er bara akkúrat þannig, maður notar það lang mest að tala við fólk“ (Ásmundur).



RANNSÓKNIN

- Þéttbýlislöggæsla / dreifbýlislöggæsla.
- Dreifbýlislöggæsla er vanrækt rannsóknasvið.
- Dreifbýli er fjölbreytt.
- Fræðin hverfast um enskumælandi lönd.
- Norræn löggæsla.
- Dreifbýlislöggæsla einkennist af mjúkri löggæslu sem leggur áherslu á aðra þætti löggæslu en valdbeitingu og þvinganir (s.s. samræður og almenna lempni)



RANNSÓKNIN

- Tvíþætt rannsóknarspurning: *Hver er staða íslensku lögreglunnar á alþjóðavísu er kemur að mönnun? Hvað upplifa dreifbýlislögreglumenn sem helstu áskoranir sínar og bjargráð?*
- Gögn og aðferðir: Opinber gögn og hálfstöðluð viðtöl við 23 einstaklinga (18 karla og 5 konur) með starfsreynslu í dreifbýli.







NIÐURSTÖÐUR



RAUNFJÖLDI LÖGREGLUMANNA MILLI 2007 OG 2017, MANNAFLAÐÖRF OG EF MANNAFLI LÖGREGLU HEFÐI FYLGT MANNFJÖLDAÞRÓUN (HEIMILD: GREININGARDEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA, 2019).



FJÖLDI LÖGREGLUMANNA Á HVERJA 100.000 ÍBÚA ÁRIN 2009 OG 2018 Í LÖNDUM EVRÓPU (HEIMILD: EUROSTAT, 2020B).



ÞEMU VIÐTALSRANNSÓKNAR

- Mannekla og ofurálag.
- Fjölhæfni og hugvitssemi í skugga mannekle.
- Jafnvægi milli árangursríkrar löggæslu og einkalífs.
- Góð samskipti, sem grundvallast á samræðum, hæfileikanum að geta stillt til friðar og mjúkri löggæslu.



MANNEKLA OG OFURÁLAG: ENGAN TIL AÐ HRINGJA Í NEMA SJÁLFAN ÞIG

- „einn á vakt“ og „alltaf í vinnunni“.
- „Mín reynsla er sú, að það er erfiðara að starfa sem lögreglumaður á landsbyggðinni, klárlega. Það er samt líka skemmtilegt. Landsbyggðin er fjölbreyttari; það er kannski allt rólegt og svo verður allt brjálað. Þú hefur t.d. engan til að hringja í nema sjálfan þig og þarft að treysta mikið á sjálfan þig“ (Pétur).



MANNEKLA OG OFURÁLAG: ENGAN TIL AÐ HRINGJA Í NEMA SJÁLFAN ÞIG

- „[S]íðan þegar að vaktinni lýkur, þá fer ég á bakvakt. Þá er maður í rauninni ennþá á vakt, maður er ekkert að slaka á, því maður er alltaf að bíða eftir kallinu“ (Ásmundur).
- „Og ég var bara lögreglumaður allan sólarhringinn, maður datt mjög fljótt í þann gírinn að maður var bara lögreglumaður alltaf. Og ef að þú fórst í veislu eða bara eitthvað, þá kom bara fólk til manns og fór beint að ræða hluti við þig bara eins og þú værir í búningi. Þetta krafðist ákveðinna hluta af manni – maður auðvitað þurfti alltaf að vera ákveðin fyrirmynd...“ (Orri).



AÐ NÝTA FÉLAGSAUÐ NÆRSAMFÉLAGSINS: NEYÐIN KENNIR BLJÚGUM
AÐ BIÐJA

- Dreifbýlislögreglumenn þurfa að 1) sinna ýmsum hlutverkum sem falla ekki beint undir hefðbundin lögreglustörf, 2) leysa margvísleg verkefni, oftast óstuddir og 3) vera hugvitssamir við að nýta sér félagsauð nærsamfélagsins í ljósi manneklu.



AÐ NÝTA FÉLAGSAUÐ NÆRSAMFÉLAGSINS: NEYÐIN KENNIR BLJÚGUM AÐ BIÐJA

- „Nándin er svo mikil í dreifbýli. Ég upplifði mig ekki bara sem löggu heldur sem félagsráðgjafa, prest og sálfræðing. Ég var með svo marga hatta og ég fékk bara borgað fyrir að vera með einn hatt. Fólk var að koma heim til manns og hringja í einkasíma manns og það skipti ekki máli hvað klukkan var. Þetta var gert allan sólarhringinn. Það var bara ekkert einkalíf. Lögreglumenn í Reykjavík eru ekki að lenda í þessu. . . . Aðrir hafa lent í þessu líka eins og til dæmis læknar og prestar. Ef þú fórst á lífið þá varstu kominn í sálfræðiviðtal og að svara spurningum“ (Pétur).



AÐ NÝTA FÉLAGSAUÐ NÆRSAMFÉLAGSINS: NEYÐIN KENNIR BLJÚGUM AÐ BIÐJA

- „Í Reykjavík ertu ein tönn í tannhjóli en hér [í dreifbýli] ertu allt í öllu. Við erum í mesta lagi tvö á vakt og oft er maður einn. Og ef maður byrjar á einhverju þá þarf maður að klára það“ (Katrín).
- Þrátt fyrir að það sé krefjandi að gera „allt“ hjálpar það dreifbýlislögreglumönnum að verða „þúsundþjalasmiðir“. Dreifbýlislögreglumenn læra fljótt að þeir verða sjálfir að takast á við vandann því þeir geta einfaldlega ekki varpað honum annað.
- Dreifbýlislögreglumenn þurfa að bæta upp fyrir manneklu með því að hugsa út fyrir „lögreglukassann“ og nota hugvitssemi til að virkja félagsauð nærsamfélagsins.



ÓSKÝR MÖRK VINNU OG EINKALÍFS: ÞAR SEM ALLIR ÞEKKJA ALLA

- Dreifbýlislögreglumenn búa gjarnan í samfélögunum þar sem þeir vinna og eru því í beinu sambandi við almenning. Í dreifbýlinu þekkja allir lögreglumanninn og starfið verður ráðandi staða viðkomandi (e. master status), þ.e. staðan sem yfirskyggir annað við einstaklinginn (Becker, 1963).



ÓSKÝR MÖRK VINNU OG EINKALÍFS: ÞAR SEM ALLIR ÞEKKJA ALLA

- „Það er gríðarlegur munur. Á litlu stöðunum þarftu að díla við borgara sem þú hittir síðan í pottinum eftir vakt eða í búðinni og þú þarft að geta boðið góðan daginn“ (Hannes).



MJÚK LÖGGÆSLA: GÓÐ SAMSKIPTI ERU LYKILLINN

- Viðmælendur voru einu máli um að dreifbýlislögreglumenn þyrftu fyrst og síðast að vera liprir í samskiptum og að samræður væru mikilvægasta „verkfæri“ þeirra.
- „Mikilvægt er að einstaklingur geti notað samskipti án þess að það verði allt brjálað. Það eina sem þú hefur er kjafturinn og ef þú kannt að nota hann rétt þá getur þú komið þér úr mörgum aðstæðum“ (Hannes).
- Dreifbýlislögreglumenn þurfa að vera góðir í samskiptum til að geta 1) stillt til friðar við erfiðar aðstæður, 2) viðhaldið trausti almennings og 3) haldið uppi lögum og reglum með lágmarks valdbeitingu.



MJÚK LÖGGÆSLA: GÓÐ SAMSKIPTI ERU LYKILLINN

- „Þetta er auðvitað öðruvísi [dreifbýlislöggæsla], þú hefur mikið sjálfstæði í því að vinna einn og samskiptin við fólk eru allt öðruvísi og nándin miklu meiri. Ég hef starfað á höfuðborgarsvæðinu, svo ég hef samanburðinn, og samskiptin eru allt öðruvísi. Menn leysa frekar málin [í dreifbýli] með því að tala saman frekar en hitt [með valdbeitingu], eins og er til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er allt öðruvísi en málin að vissu leyti eins, þú leysir þau bara öðruvísi og verður svolítið að treysta á sjálfan þig“ (Óttar).



MJÚK LÖGGÆSLA: GÓÐ SAMSKIPTI ERU LYKILLINN

- „Ég nota mest mannleg samskipti og það að vera hluti af samfélaginu og blandast. Ég er frekar mildur lögreglumaður og hef alltaf verið. Ég vil að fólk breyti rétt með mjúkum aðferðum. Það þýðir ekkert að vera grjótharður lögreglumaður, það gengur ekki upp í þessu samfélagi. Það eru ekki allir glæpamenn. Samfélagið er eins og einstaklingur og ef þú tekur hann hálstaki þá fer hann að sprikla til að bjarga lífi sinu og ef þú slakar aðeins á, þá líður einstaklingnum betur og þá getur þú komið honum inn í klefa án þess að snerta hann“ (Sigursteinn).



SAMANTEKT

- Ísland er með einna fæsta lögreglumenn í Evrópu miðað við höfðatölu og hefur fækkað.
- Dreifbýlislögreglumenn upplifa manneklu, ofurálag, margþætt verkefni, litla aðstoð og óskýr mörk vinnu og einkalífs sem sínar helstu áskoranir. Helstu bjargráð eru að þróa með sér fjölþætta kunnáttu og hugvitssemi við að virkja félagsauð nærsamfélagsins. Mikilvægust er góð samskiptahæfni sem grundvallast á samræðum, hæfileikanum að geta stillt til friðar og mjúkri löggæslu til að viðhalda trausti almennings og samstöðu.

